

Staldren®



JORENKU Staldren®



Staldren® er sótthreinsiefni í duftformi, sem hefur mjög víðtæk áhrif gegn raka, lykt, bakteríum og sveppagróum.

- Staldren® er framleitt í Danmörku, prófuð af viðurkenndum, alþjóðlegum rannsóknarstofum. Notuð í dag sem sótthreinsivara um heim allan.
- Staldren® er umhverfisvæn vara sem hefur mjög víðtæk áhrif gegn bakteríum og sveppagróum. Þessi áhrif eru skjalfest (Sjá rannsóknaskýrslu á síðu 7).
- Staldren® inniheldur ekki fosföt og hefur hlutlaust sýrustig (pH), sem þýðir að efnið hefur hvorki leysandi né ætandi áhrif á gólfefni eða innréttingar. Staldren® þurrkar ekki húð dýranna og veldur því ekki sprungum sem geta verið inngangur fyrir bakteríur. Ekki er nauðsynlegt að nota hanska þegar unnið er með Staldren®.
- Staldren® bindur ammoníak þannig að það dregur úr lykt og menn og dýr eiga því auðveldara með öndun og ammoníakslykt veldur ekki óþægindum.
- Staldren® dregur í sig vökva og raka og er því sérlega hentugt í básum/stíum þar sem raki er mikill.
- Staldren® sótthreinsar umhverfi dýranna, dregur úr líkum á smiti og tryggir þar með betra heilbrigði á býlinu.
- Staldren® er hægt að nota fyrir allan búfénað og er ómissandi í faglegru búfjárrækt.

Bestur árangur næst með samfelldri notkun á Staldren®, því smítalagið minnkar stöðugt og skapar þannig heilsusamlegra umhverfi fyrir bæði dýr og menn.

Staldren® gefur frá sér lítið ryk, auðvelt í dreifingu og gefur góða lykt.

Staldren® er fáanlegt í 10 kg, 15 kg og 25 kg pokum, sem og á bretti með 10, 20, 40, 45, 50 eða 66 pokum.

JORENKU Staldren®



Staldren® fyrir nautgripi og kálfa

Notkunarleiðbeiningar:

Dreifið rúmri lúku (50-100gr) á fermetra tvisvar í viku. Þetta minnkar smítalagið fljótt og örugglega. Þegar umhverfið er sérstaklega rakt eða sjúkdómar til staðar, skal auka magn og dreifa Staldren® daglega.

Í **bása** skal dreifa Staldren® aftast í básinn, þar sem raki gerir vissum bakteríum og sveppum kleift að fjölga sér hratt og þar með orsaka m.a júgurbólgu og ýmis klaufvandamál.

Í **breiðum básum**, þar sem kýrnar geta snúið sér, gæti verið nauðsynlegt að nota meira af Staldren® (dreifa yfir allan básinn).

Í **stíum með undirburði** skal nota eina lúku (50-100gr) á fermetra.

Í **hreinum kálfastíum** skal hylja allt gólfið með Staldren®. Setja síðan nýjan undirburð og dreifa að lokum Staldren® yfir. Endurtaka skal þetta ferli fyrir hvern burð þannig að nýfæddir kálfar komi inn í eins hreint umhverfi og mögulegt er. Þetta fyrirbyggir smitsjúkdóma bæði hjá kúm og kálfum. Í kálfastíu skal nota rúma lúku (50-100gr) á fermetra. Verið viss um að öll horn séu þakin Staldren® því þar safnast oftast fyrir flugur og önnur óhreinindi. Ef niðurgangur brýst út skal nota Staldren® daglega þar til sýkingin er yfirstaðin.

Gott er að setja Staldren® á svæði þar sem mjólk er gefin.



JORENKU Staldren®



Staldren® fyrir svín og grísi

Notkunarleiðbeiningar:

Gotstía: Fyrir got skal dreifa Staldren® yfir alla stíuna. Nota skal rúma lúku (50-100gr) á fermetra. Eftir got skal nota Staldren® daglega í þrjá daga og svo tvisvar í viku að fráfærslu. Dreifið Staldren® vel þar sem raki er, það er þar sem bakteríurnar þrífast.

Smágrísastía: Nota skal Staldren® daglega fyrstu þrjá dagana og svo tvisvar í viku. Gætið þess að efnið dreifist vel yfir hvíldarsvæði og þar sem raki myndast.

Eldissvínastía: Dreifa skal Staldren® einu sinni til tvisvar í viku. Umhverfið verður heilsusamlegra og Staldren® dregur verulega úr líkum á sýkingum.

Galtahús, geldgylltuhús, tilhleypingastíur: Dreifa skal rúmri lúku (50-100gr á fermeter) af Staldren® yfir allar stíur.

Sjúkrastía: Dreifa Staldren® daglega yfir allt gólfið.

Afhendingarrými: Dreifa skal Staldren® yfir allt gólfsvæðið, bæði fyrir og eftir afhendingu, til að minnka líkur á smiti.

Tómar stíur: Sé Staldren® dreift í tómar stíur með blásara, veitir það góða vörn gegn vírusum.



JORENKU Staldren®



Staldren® fyrir fugla

Notkunarleiðbeiningar:

Eggjahæna: Staldren® er notað í hreiðurkassa áður en nýjar hænur eru settar í hann. Dreifa skal litlu magni inn í hvern kassa (u.þ.b. einni lúku eða 50-100gr). Dreifa skal Staldren® á allan gólflötinn (u.þ.b 100gr) á fermetra eða sem samsvarar einum 25kg poka á hverja 250 fermetra. Nota skal Staldren® einu sinni í viku í hreiðurkassann og einnig á öll gólf til þess að tryggja að umhverfið sé ávallt í heilsusamlegt. Þetta þýðir að bakteríur drepast, ammoníak bindst og rakinn hverfur, þannig að áverkar á fætur,vegna þeirra þátta, lágmarkast.

Staldren í kjúklingahúsum: Eftir að hús hefur tæmt og hreinsað, skal dreifa c.a 50 gr á fermetra með blásara eða dreifara. Þegar búið er að dreifa undirburði skal dreifa Staldren® (ca 30gr á fermetra) yfir hann. Eftir að kjúklingarnir eru settir inn í húsið skal dreifa Staldren® (30gr á fermetra) vikulega þar til að þeim er slátrað. Þar sem að raki er mikill er eða vandamál með bakteríur skal auka magnið af Staldren®. Sé Staldren® dreift í tóm kjúklingahús með blásara, veitir það góða vörn gegn vírusum. Staldren® hefur hlutlaust sýrustig (pH) er því umhverfisvænt og hlífir m.a fótum hæsnanna og eggjaleiðurum.



JORENKU Staldren®



Staldren® fyrir hesta

Notkunarleiðbeiningar:

Staldren® notast til að þurrka upp raka og vinna gegn sveppum/myglu. Einnig getur það hjálpað til að vinna gegn ýmsum sýkingum í hófum þ.m.t hóftungurot. Hægt er að meðhöndla hóftungurot með því að setja Staldren® beint undir hófinn.

Eftir útmokstur, dreifið Staldren® yfir allt gólfið 1-3 lúkur (50-100gr) á fermetra til að þurrka gólfið og til að ammoníakslykt haldist í lágmarki. Eftir að búið er að setja undirburð í stúna, dreifið Staldren® meðfram hliðunum til þess að hindra að flugur og önnur skordýr fjölgi sér. Athugið að Staldren® þurrkar og eyðir eggjum og lirfum flugna.

Í **safnstíum** þar sem hluta af undirburði er skipt út skal dreifa Staldren® þar sem raki hefur myndast. Mikilvægt er að sjá til þess að Staldren® sé dreift meðfram veggjum. Ef setja skal nýfætt folald í stú, skal dreifa Staldren® yfir allt gólfið til sótthreinsunar, og setja síðan nýjan undirburð. Gott er að enda á því að dreifa Staldren® yfir undirburðinn til að tryggja að folaldið sé í eins hreinu umhverfi og hægt er. Þetta fy rirbyggir smitsjúkdóma bæði hjá merum og folöldum.



JORENKU Staldren®



Staldren® fyrir kindur og geitur

Notkunarleiðbeiningar:

Burðarstíur: Eftir hreingerningu skal dreifa Staldren® yfir allt gólfið, 1-2 lúkur (50-100gr) á fermetra. Ef undirburður er notaður, skal einnig dreifa sama magni af Staldren® yfir hann. Mikilvægt er að Staldren® sé dreift í öll horn og hliðar því það þurrkar og eyðir eggjum og lirfum flugna. Staldren® skal dreift aftur í stíu á milli burða, þannig að hvert lamb/kið fái eins hreint og gott umhverfi sem völ er á.

Á taði: Dreifið rúmri lúku af Staldren® (50-100gr) á fermetra yfir allt svæðið áður en undirburði er dreift um. Dreifið Staldren® svo reglulega yfir allt svæðið. Ef vel er þrifið og leiðbeiningum fylgt eftir, þá má minnka verulega smítalag vegna smitsjúkdóma þar með talið slefsýki. Bestur árangur næst með samfelldri notkun á Staldren®, því smítalagið minnkar stöðugt og skapar þannig heilsusamlegra umhverfi fyrir bæði dýr og menn.



Samrit með rannsóknarniðurstöðum vegna prófana nr.DKE 016078-06 og DKE 007477-06

Aðferð:

4 gr Staldren[®] var leyst upp í 5 ml af saltvatni. Staldren[®] lausnin og viðmiðunarblanda, án Staldren[®] (9 ml saltvatnsupplausn) voru settar í ræktun með 1 ml af annað hvort bakteríu- eða sveppalausn. Blöndurnar voru hafðar í loftháðu/loftfælnu/skertu loftmagni, allt eftir gerð andrúmsloftsins. Rannsóknin var framkvæmd við stofuhita. Bakteríurnar voru taldar annars vegar eftir 1 klst og hins vegar eftir 2 daga.

Niðurstöður	Staldren [®]		Án Staldren [®]	
	1 klst	2 dagar	1 klst	2 dagar
E. coli 0157	<10 CFU/ml	<10 CFU/ml	140 Mio. CFU/ml	>200 Mio. CFU/ml
Aspergillus niger ATCC 16406	<100 CFU/ml	<100 CFU/ml	150.000 CFU/ml	500.000 CFU/ml
Clostridium perfringens ATCC 13124	<100 CFU/ml	<10 CFU/ml	20 Mio. CFU/ml	1,9 Mio. CFU/ml
Streptococcus uberis ATCC 9927	<10 CFU/ml	<10 CFU/ml	43 Mio. CFU/ml	1,9 Mio. CFU/ml
Salmonella typhimurium ATCC 25241	<10 CFU/ml	<10 CFU/ml	>10 Mia. CFU/ml	>1 Mia. CFU/ml
Staphylococcus aureus ATCC 25923	<10 CFU/ml	<10 CFU/ml	100 Mio. CFU/ml	1, 2 Mia. CFU/m
Streptococcus suis serovar nr. 7	<10 CFU/ml	10 CFU/ml	1.500 CFU/ml	6 Mio. CFU/ml
C ampylobacter jejuni ATCC 29428	<10 CFU/ml	<10 CFU/ml	6 Mio. CFU/ml	>10 Mio. CFU/ml
Klebsiella pneumoniae	40 CFU/ml	40 CFU/ml	4,2 Mio. CFU/ml	36 Mio. CFU/ml



IS/Staldren/BRO/0424

JOENKU

Teglvaerksvej 11, DK 4733 Tappernoeye
+45 56 21 40 70 | jorku@jorku.dk